



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.nóvember 2020.

Efni: Umsögn um Þingskjal 43 – 42 mál.

Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM) vísa til umsagnarbeiðni Atvinnuveganefndar Alþingis sem send var frá Nefndarsviði 11. nóvember s.l. um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

SAM mæla með samþykkt tillögunnar.

Sérstaklega vilja SAM taka undir tillögu um uppsögn eða endurskoðun Tollasamnings Íslands og ESB frá 17. september 2015. Allar forsendur fyrir samningnum hafa brostið með ákvörðun Bretlands um að ganga út úr Evrópusambandinu. Einnig vilja SAM rifja upp að við umfjöllun um samninginn árið 2016 lýsti SAM þeirri afstöðu að samningurinn væri óhagstæður fyrir Ísland; sú afstaða er hér með ítrekuð.

Einnig vilja SAM nýta tækifærið og taka sérstaklega undir eftirfarandi umfjöllun í greinargerðinni sem fylgir þingsályktuninni:

Samkeppni íslenskrar landbúnaðarframleiðslu er ekki háð á jafnræðisgrunni. Aukinn innflutningur á matvælum sem framleidd eru við önnur skilyrði en á Íslandi skekkir mjög samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar. Nánast ógerningur er að keppa við vörur sem framleiddar eru í verksmiðjubúum þar sem stærðarhagkvæmni, stór markaður, aðgangur að hráefni o.fl. dregur úr kostnaði. Stór hluti þessara matvæla er auk þess framleiddur af fyrirtækjum sem greiða starfsmönnum sínum laun sem eru brot af því sem telst lágmarkslaun hér á landi. Í sumum tilfellum er því verið að styðja við framleiðslu sem grundvallast á þessum aðbúnaði fólks og dýra þegar erlend matvæli eru flutt til landsins.

Við verksmiðjuframleiðslu eru dýrum víða gefin lyf til að verjast sjúkdómum eða til að flýta vexti þeirra, sem er bannað á Íslandi. Lyfjanoftkun í landbúnaði er minnst í heiminum á Íslandi og í Noregi.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Jóhanna Hreinsdóttir

Stjórnarformaður SAM